



MUNDILFARI

Félagsblað Lífspekifélagsins 2. tbl. 45. árg. júní 2017
ábm. Birgir Bjarnason

Lífspekifélag Íslands, Ingólfsstræti 22. Pósthólf 1257, 121 Reykjavík, sími 551 7520



Einkunnarorð sumarskólans eru: *Ljós og sannleikur*

Ljós og sannleikur

Eins og þruma úr heiðskíru lofti barst á liðnum vetri inn í hina alþjóðlegu stjórnmálaumræðu nýtt hugtak, valkvæðar staðreyndir. Ef eitthvað er ekki valkvætt er það einmitt sannleikurinn. Þekking okkar er í molum, en sannleikurinn stendur og bíður þess að við nálgumst hann. Undirstöður mannlegs lífs hvíla á sannleika og ljósi til að sjá hann.

Þessi tvö orð mynda undirstöður mannlegs lífs í margræðum skilningi. Annars vegar lýsa þau andlegri leit og reynslu mannsins á öllum öldum, en lýsa líka á hinn bóginn æðstu og göfugustu markmiðum allrar þekkingarleitar menningarsamfélaga. Þau eru því annars vegar tákni um innri veröld sem erfitt er að lýsa nema með tákmyndum, líkingum og dæmisögum. Á hinn bóginn lýsa þau veröld sem fæst við hlutveruleikann.

Fjölmargir skólar um víðan heim tjá háleitustu markmið sín með myndum og orðum með vísun í sannleikann og ljósið, sem frelsa og upplýsa. Þau tjá líka dýrmæta lífsreynslu þeirra sem stunda andlega garðyrkju.

Firring er afleiðing þess að við hugum ekki að tengslum okkar við annað fólk, rætur okkar, undirstöður og sanna merkingu lífsins, en dveljum þess í stað við þriðja flokks vandamál og svikafréttir, sem skilja eftir sig tómarúm og bjagaða mynd af raunveruleikanum. Haldgóð og raunhæf lausn ytri úrlausnarefna finnst þegar við horfum inn á við og handan við sjálfhverfuna.

Slíkri vinnu fylgja fæðingarhríðir, en í kjölfarið kviknar ljós, meðvitund um brot af sannleika, sátt við sjálfan sig og aðra. Við getum þurft að ganga á veggi, gefast upp fyrir okkur sjálfum og viðurkenna að við höfum haldið ljósi og sannleika í gíslingu.

Einkunnarorð Lífspekifélagsins eru: Engin trúarbrögð eru sannleikanum æðri. Frá því að ég kynntist félaginu fyrst hafa þessi orð fengið mig til að velta vöngum vegna þessara orða. Stundum hafa þau verkað á mig sem þversögn, stundum sem kjarni allrar speki. Þessar vangaveltur hafa gert mér gott. Ef ég ætlaði að rekja sögu hugsunar minnar um kjörorðið þyrfti ég að skrifa heila bók. Um þessar mundir finnst mér ég hafa komist að þeirri einföldu niðurstöðu, að trúarbrögðin séu mannleg viðleitni til að halda utan um boðskap trúarinnar og að hver trúarbrögð fyrir sig túlki sannleikann á grundvelli þeirrar þekkingar sem samandregin er úr helgum textum og hefð. Sannleikurinn er hins vegar einn og frammi fyrir honum verður þekkingin bara mannleg tilraun til að nálgast hann.

Í upphafi var ljós og ljósið var orka. Þessi orka hefur alltaf verið á hreyfingu og ekkert getur aukið hana né eytt. Ljósorkan er forsenda og grunnur alls sem er. Í andlegri garðyrkju finna margir þessa ljósorku innra með sér og í kringum sig. Þá breytist lífið varanlega því þá hafa þeir fundið kveikjuna að öllu sem er og ber að hlúa að. Innsta eðli alls er ljós.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Sumarskóli -samvera Lífspekifélagsins

á Heilsustofnun NLFÍ, Hveragerði, dagana 23. til 25. júní 2017

Verð	einn í herbergi	tveir í herbergi
Gisting í eina nótt	kr. 18.000	kr. 31.000
Gisting í tvær nætur	kr. 36.000	kr. 62.000
Gisting í þrjár nætur	kr. 45.900	kr. 78.000

Verð stofnunarinnar á mat (fyrir þá sem ekki gista):

Morgunmat 1.300 kr / Hádegismatur 2.100 / Te og meðlæti 750 kr / Kvöldmat 1.750

Í gistingjaldinu felst gisting, fullt fæði, aðgangur að líkamsræktarsal og baðhúsinu Kjarnalundi með inni og útisundlaug, heitum pottum, nuddpotti, víxlböðum, sauna og vatnsgufubaði. Einnig eru reiðhjól til boða. Fæðið er grænmetisfæði.

Lífspekifélagið innheimtir ekkert þátttökugjald.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku sem allra fyrst eða fyrir 15. júní.

Tilgreinið hvernig gistingu þið viljið. Þeir sem ekki gista geta keypt stakar máltíðir.

Strætisvagnar nr. 51 og 52 ganga frá Mjódd til Hveragerðis. Sjá nánar á heimasíðu straeto.is

Tilkynnið þátttöku í eftirfarandi síma eða netfang:

483 0300 Ingi@heilsustofnun.is Ingi Þór Jónsson
Heilsustofnunin biður um að greitt sé **fyrirfram**.

Dagskrá:

Föstudagur 23. júní

15:00 – 16:00 Síðdegiskaffi
16:30 Tónlist í Kapellu
17:00 Erindi. Jón Ellert Benediktsson
fjallar um *Rödd þagnarinnar*
18:15 – 19:15 Kvöldmat
19:30 Erindi. Halldór Haraldsson:
Óþekktari hliðar á J. Krishnamurti
21:00 Kvöldhressing
21:30 Umræða: *Ofbeldi, ofstæki eða friður*

Laugardagur 24. júní

8:00 Hugleiðing
9:00 – 10:00 Morgunverður
10:00 - 11:00 Spjall. Birgir Bjarnason: *Hver er ég? Einfalda útgáfan*
11:45 - 12:45 Hádegisverður
13:00 - 13:15 Halldór Haraldsson kynnir
nýttkomna bók: *Ljóð Inkans*. Þetta eru nær 500
ára gömul ljóð sem fundust í gullnu skríni.

Úlfur Ragnarson þýddi úr dönsku.

Bókin verður til sölu á kr. 2000-
14:00 Erindi frá 1981. Sigvaldi Hjálmarsson af
hljóddiski: *Hvað er kyrrðin?*
15:00 – 16:00 Síðdegiskaffi
17:00 Erindi. Björg Einaradóttir: *Á slóðum*
Teresu frá Avila og Jón af Krossi
18:15 – 19:15 Kvöldmat
19:30 Erindi. Haraldur Erlendsson: *Mandalan*
(Jung) og Sri Yantra
21:00 Kvöldhressing
21:30 Tónlist. Hilmar Örn Agnarsson og Björg
Þórhallsdóttir, söngkona

Sunnudagur 25. júní

8:00 Hugleiðing
9:00 – 10:00 Morgunverður
10:00 - 11:00 Samveru slitið / spjall
11:45 - 12:45 Hádegisverður

Næst Mundilfari, og eftirleiðis, verður eingöngu sendur út rafrænt nema félagar biðji sérstaklega um að fá hann á pappír. Eftir sem áður mun hann liggja frammi í félagshúsinu.

Til þess að sem flestir fái félagsblaðið er mikilvægt er að félagar sendi netföng sín á:
birgirbjarna@simnet.is